



Selfossi, 29. febrúar 2012

1202001SA ÞH

**Alþingi**

**Erindi nr. Þ 140/1213**

**komudagur 29.2.2012**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn SASS um 4 og 12 ára samgönguáætlanir**

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga gera eftirfarandi athugasemdir við þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2011 - 2022 og frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011 - 2014

Í fyrsta lagi er ljóst að fjármagn til samgöngumála er of lítið skv. tillögunum. Þrátt fyrir að að erfiðleikar séu í ríkisbúskapnum er mikilvægt að treysta innviði samfélagsins til framtíðar og uppbygging góðs samgöngukerfis er þar mikilvægur þáttur. Þá hefur ekki verið staðið við þær fyrirætlanir stjórnvalda að efna til stórframkvæmda til að koma hjólum atvinnulífs af stað. Samtökin skora á Alþingi að taka umfang samgönguáætlunar til endurskoðunar og auka verulega við það fjármagn sem ætlað er til samgöngumála á komandi árum.

Í öðru lagi lýsa samtökin yfir mikilli óánægju með tillögur sem varða breikkun Suðurlandsvegjar. Samkvæmt tillögunum verður framkvæmdum við fyrirhugaða breikkun ekki lokið á næstu tólf árum því ekki er gert ráð fyrir töföldun vegjarins á milli Rauðavatns og Lögbergsbrekkju þrátt fyrir að meðalferð á sólarhring á þeim vegarkafli sé nú um 10.000 bílar og slysatíðni veruleg. Þá hefur verið horfið frá fyrri áformum um tvöföldun vegjarins á milli Selfoss og Hveragerðis en þar hafa umferðarslys verið í tíð á undanförunum árum. Fyrir liggur að framkvæmdir við Suðurlandsveg eru með arðsömustu samgönguframkvæmdun og nægir að minna á að með breikkun vegjarins og aðgreiningu akstursstefna er talið að fækka megi slysunum og óhöppum um 50%, en á undanförunum árum hefur kostnaður vegna tjóna sem sem orðið hafa í umferðinni á þessari leið numið um 1 milljarði króna árlega að mati tryggingafélaga. Samtökin telja því í hæsta máta óeðlilegt að ekki sé staðið við þau fyrirheit sem gefin voru í síðustu fjögurra ára áætlun um breikkun Suðurlandsvegjar og ýmsar aðrar framkvæmdir í öðrum landshlutum teknar fram fyrir. Tillögur þar um



standast ekki skoðun hvort sem litið er til umferðarþunga eða umferðaröryggis.

Í þriðja lagi leggja samtökin til að framkvæmdum við brú yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt ásamt tilheyrandi vegarlagningu en ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist fyrr en árið 2018. Brúin er nánast ónýt og stórhættuleg auk þess sem framkvæmdir munu stytta hringveginn um 11 km og eru því verulega arðsamar.

Í fjórða lagi leggja Samtökin mikla áherslu á að farið verði hraðar í fækkun einbreiðra brúa á þjóðvegi 1 en gert er ráð fyrir en um helmingur þeirra er í V- og A-Skaftafellssýslum eða um 20 talsins. Um mikið umferðaröryggismál er að ræða og í samræmi við það markmið áætlunarinnar að styrkja meginflutningaleiðir auk þess sem slíkar framkvæmdir kalla á um 60% meira vinnuafli en venjulegar vegaframkvæmdir. Verulegt átak á næstu fjórum árum gæti því skapað fjölmörg störf fyrir byggingariðnað sem nú á við mikinn vanda að stríða. Samtökin leggja því til að áætluninni verði breytt í grundvallaratriðum að þessu leyti.

Í fimmta og síðasta lagi telja samtökin ekki gengið nægilega langt í að styrkja tengi- og héraðsvegi. Mikil umferðaraukning hefur orðið á þessum vegum og þeir gegna mun stærra hlutverki nú en áður vegna breyttra atvinnuhátta og sívaxandi ferðamannastraums.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

---

Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri